



# Skýrsla starfshóps um neysluviðmið

## Yfirferð og endurskoðun á aðferðafræði og útgáfu

**Útgefandi:**

Félagsmálaráðuneytið

September 2020

**Umbrot og textavinnsla:**

Félagsmálaráðuneytið

©2020 Félagsmálaráðuneytið

# Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur .....</b>	<b>4</b>
<b>2. Helstu niðurstöður.....</b>	<b>5</b>
<b>3. Störf hópsins .....</b>	<b>6</b>
<b>4. Markmið neysluviðmiða.....</b>	<b>7</b>
<b>5. Stutt samantekt um vinnu við íslensk neysluviðmið .....</b>	<b>8</b>
5.1 Fyrstu skref.....	8
5.2 Núverandi útfærsla neysluviðmiða.....	9
5.3 Aðferð við útreikning neysluviðmiða.....	11
5.3.1 Flokkun útgjalda.....	11
5.3.2 Meðferð gagna.....	12
5.3.3 Tölfræðileg úrvinnsla – mat á miðgildi.....	13
<b>6. Núverandi notkun.....</b>	<b>14</b>
<b>7. Niðurstöður starfshópsins .....</b>	<b>16</b>
<b>8. Heimildaskrá.....</b>	<b>17</b>
<b>9. Viðauki I – Svar Hagstofu Íslands .....</b>	<b>18</b>
<b>10. Viðauki II - Svör lánastofnanna.....</b>	<b>20</b>

# 1. Inngangur

Félags- og barnamálaráðherra skipaði í janúar 2020 starfshóp um neysluviðmið til að yfirfara og endurskoða þá aðferðafræði sem notuð er við útreikninga á neysluviðmiðum sem ráðuneytið birtir. Kveikjan að stofnun starfshópsins voru m.a. ábendingar frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vegna álitamála sem upp komu við síðustu uppfærslu viðmiðanna sem unnar voru af stofnuninni. Starfshópurinn skyldi einnig taka til skoðunar hvort rétt sé að færa útgáfu neysluviðmiðanna frá ráðuneytinu til annars aðila til að staðfesta betur hlutleysi útreikninganna.

Starfshópinn skipa Ágúst Arnórsson (formaður) frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Eygló Kristjánsdóttir frá umboðsmanni skuldara, Henný Hinz frá Alþýðusambandi Íslands, Ólafur Garðar Halldórsson frá Samtökum atvinnulífsins auk þess sem Rebekka Valsdóttir frá félags- og barnamálaráðuneytinu starfaði með hópnum. Óskað var eftir aðkomu Hagstofu Íslands að starfshópnum, sem kaus að tilnefna ekki fulltrúa.

Í skipunarbréfi starfshópsins segir:

„Megintilgangur útgjaldarannsóknar heimilanna, sem neysluviðmiðin byggja á, er að afla gagna í grunn fyrir vísitölu neysluverðs. Rannsóknin uppfyllir það hlutverk sem henni er ætlað en hún er ekki gerð í þeim tilgangi að nýta við útreikninga neysluviðmiða. Félagsmálaráðuneytið telur því rétt að skoða hvort breyta þurfi aðferðafræðilegri nálgun við útreikninga viðmiðanna.“

Ráðuneytið hefur af þeim ástæðum ákveðið að setja saman starfshóp til að yfirfara og endurskoða þá aðferðarfræði sem notuð er við útreikningana. Eins verður tekið til skoðunar hvort rétt sé að færa útgáfuna frá ráðuneytinu til þess að staðfesta enn betur hlutleysi útreikninganna.“

## 2. Helstu niðurstöður

Ýmsir annmarkar eru á samspili gagna sem notuð eru sem undirlag í útreikningum neysluviðmiðanna og þeirri aðferðafræði sem notuð er. Þegar notkun viðmiðanna í dag var könnuð kom einnig fram að hún fer ekki saman við upprunaleg markmið um notkun þeirra.

Starfshópurinn telur æskilegt að endurskoða þá aðferðafræði sem beitt hefur verið við útreikning á neysluviðmiðum hér á landi. Óraunhæft er að svo ítarleg viðmið, sem lagt var upp með, geti byggt á núverandi útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands. Því ber að endurskoða íslensk neysluviðmið í heild. Taka þarf ákvörðun um nýja nálgun á reikniaðferð með hliðsjón af endanlegri notkun viðmiðanna og fyrirriggjandi gögnum.

Tryggja þarf festu við útgáfu viðmiðanna og að vinnsla og uppfærsla þeirra sé unnin af sérfróðum og hlutlausum aðila. Gangi það eftir má liggja á milli hluta hver endanlegur útgáfuaðili neysluviðmiða er og því engin sérstök ástæða til að færa útgáfuna frá ráðuneytinu.

## 3. Störf hópsins

Starfshópurinn kom fyrst saman þann 7. febrúar 2020. Haldnir voru reglulegir fundir og gestir fengnir til að varpa skýrara ljósi á uppruna núverandi neysluviðmiða, ástæður þess að sú aðferð sem viðhöfð er við útreikninga þeirra var valin, hverjir séu helstu annmarkar hennar og hvaða möguleikar séu til úrbóta og breytinga. Gestir frá Hagstofu Íslands komu tvívegis á fund starfshópsins. Á fyrri fundinn komu Kristín Arnórsdóttir og Karl Óskar Viðarsson, sérfræðingar í vísítolum og hagtölum um laun, tekjur og menntun en þau starfa einnig að gagnavinnslu fyrir rannsókn á útgjöldum heimilanna (RÚH). Á seinni fundinn kom Heiðrún Erika Guðmundsdóttir, deildarstjóri vísítöludeildar Hagstofunnar. Hún þekkir vel til gagnasafns útgjaldarannsóknar (RÚH) og hvernig hægt væri að þróa það áfram. Jón Þór Sturluson, sem hafði yfirumsjón með skýrslu um þróun neysluviðmiða fyrir íslensk heimili sem núverandi aðferðafræði við útreikning viðmiðanna byggir á, kom á fund starfshópsins í lok mars 2020. Jón Þór skýrði frá vinnu við þróun viðmiðanna og þeim þáttum sem leiddu til þeirrar niðurstöðu sem skýrsluhöfundar komust að. Einnig skýrði hann sjónarmið skýrsluhöfunda varðandi þá útreikninga sem lagðir eru til í skýrslunni. Starfshópurinn kallaði einnig eftir upplýsingum frá helstu notendum neysluviðmiðanna, bönkum og lífeyrissjóðum, um notkun þeirra á viðmiðunum. Svör bárust frá Landsbanka, Arion banka, LSR, Gildi lífeyrissjóði og Creditinfo.

Vinna starfshópsins tafðist töluvert vegna samkomutakmarkana og annarra hindrana í kjölfar Covid-19 faraldursins.

## 4. Markmið neysluviðmiða

Í skýrslu sérfræðingahóps um neysluviðmið fyrir heimili á Íslandi frá árinu 2011 kemur fram að tilgangur viðmiðanna sé að vera heimilum í landinu til hliðsjónar við útgjaldaáætlun. Þau geti auk þess nýst við fjárhagsráðgjöf og hafa megi þau til hliðsjónar við ákvörðun um framfærslu (Jón, Guðný & Andrés, 2011, bls. 5). Í nefndaráliti frá árinu 2006 kemur fram að tilgangurinn með neysluviðmiðum á Norðurlöndunum sé að fjölskyldur og einstaklingar geti nýtt neysluviðmið við gerð eigin fjárhagsáætlana, og eins að stofnanir geti nýtt þau við mat á greiðslugetu og þörf fyrir fjárhagsaðstoð (Iðnaðar- & viðskiptaráðuneytið, 2006, bls. 32). Þar að auki er sérstaklega tekið fram að tilgangur þeirra sé ekki að skapa á nokkurn hátt viðmið um fátækramörk eða önnur lágmarkskjör (Iðnaðar- & viðskiptaráðuneytið, 2006, bls. 44). Þar kemur einnig fram að þessi viðmið þurfi að endurspeglar fjölbreytilegar neysluvenjur ólíkra fjölskyldugerða (Iðnaðar- & viðskiptaráðuneytið, 2006, bls. 47).

# 5. Stutt samantekt um vinnu við íslensk neysluviðmið

## 5.1 Fyrstu skref

Árið 2004 var skipaður starfshópur á vegum iðnaðar- & viðskiptaráðuneytisins til þess að hafa umsjón með forkönnun fyrir neysluviðmið á Íslandi. Hópurinn skilaði álití í október 2006. Þar kemur fram að unnt sé að gefa út neysluviðmið hér á landi en með hliðsjón af kostnaði og fleiri þáttum var lagt til að notast yrði við svokallaða útgjaldaaðferð að fyrirmund Finnlands og Bandaríkjanna (Iðnaðar- & viðskiptaráðuneytið, 2006, bls. v). Þannig mætti nýta fyrirriggjandi upplýsingar, meðal annars úr útgjaldakönnun Hagstofu Íslands. Í stuttu máli felst útgjaldaaðferdin í því að neysluviðmið eru reiknuð út frá neyslukönnun, sem endurspeglar raunverulega neyslu heimila. Hinn valkosturinn væri að hópur sérfræðinga setti saman ítarlega vörükörfu sem að hans mati endurspeglæði hóflega neyslubörf (Iðnaðar- & viðskiptaráðuneytið, 2006, bls. 19 - 25).

Lagt var til að íslensku viðmiðin byggðu á miðgildi útgjalta ólíkra heimilisgerða eins og þær koma fram í útgjaldakönnun Hagstofunnar (Iðnaðar- & viðskiptaráðuneytið, 2006, bls. v). Í nefndarálitinu er vikið að því að val á aðferð sé ætið gildishlaðin en punktmat (e. *point estimate*), t.d. miðgildi, á mældum útgjöldum sé skárr kostur en að velja vörükörfu fyrir einstakar fjölskyldugerðir (Iðnaðar- & viðskiptaráðuneytið, 2006, bls. 55). Í framhaldi af þeirri umfjöllun segir:

*„Sem grunniðmið er hér stungið upp á að horft sé til miðgildis útgjalta í hverjum útgjaldaflokki fyrir sig. Þetta felur í sér það huglæga mat að útgjöld til tiltekins útgjaldaliðar hljóti að teljast a.m.k. hófleg ef helmingur heimila lætur sér nægja jafnhá eða lægri útgjöld til viðkomandi liðar. Hugsanlega mætti rökstyðja eitthvert annað hlutfall en 50% en líklegast er að miðgildið sé einna minnst umdeilt“ (Iðnaðar- & viðskiptaráðuneytið, 2006, bls. 55).*

Starfshópurinn frá 2006 taldi heppilegast að útgjaldaflokkar neysluviðmiða væru samkvæmt tveggja tölustafa COICOP-staðli, sem er sú flokkunaraðferð neysluútgjalda sem Hagstofa Íslands notar (Iðnaðar- & viðskiptaráðuneytið, 2006, bls. 48). Birt sundurliðun útgjalda í viðmiðunum sé því samkvæmt víðustu flokkun (1. þrep) sem þessi samræmda aðferð býður upp á.

Möguleg viðmið samkvæmt tillögu starfshópsins eru: (Iðnaðar- & viðskiptaráðuneytið, 2006, bls. 18-19).

- Skammtímaþiðmið: Taka til skammtímafjárhagsvanda og eru m.a. talin nýtast við ákvörðun atvinnuleysisbóta. Til þeirra teljast nauðsynleg útgjöld vegna nauðþurfta.
- Langtímaþiðmið: Taka til þeirra sem þurfa að reiða sig á fjárhagslegan stuðning samfélagsins til lengri tíma. Í þeim er litið til almennra neysluútgjalda; nauðþurfta, hefðbundinnar afþreyingar og varanlegs neysluvarnings.
- Sérnsniðin eyðsluviðmið: Eru hugsuð fyrir fjárhagslega fyrirgreiðslu eða ráðgjöf. Þau eru sérnsniðin að því leyti að þau taka tillit til aðstæðna, umfram fjölskyldugerð eina og sér.

Lagt var til að tvenns konar viðmið yrðu gerð. Annars vegar langtímaþiðmið, sem tæki til hóflegra útgjalda á öllum sviðum heimilisrekstrar, og hins vegar skammtímaneysluviðmið, þar sem reynt yrði að nálgast þá fjárhæð sem heimili geta komist af með í skamman tíma í senn (Iðnaðar- & viðskiptaráðuneytið, 2006, bls. 48).

Í niðurstöðukafla starfshópsins er vikið sérstaklega að því að framsetning neysluviðmiða sé með þeim hætti að enginn velkist í vafa um að þau séu ekki „nein víssindaleg eða hárrétt niðurstaða um hvað teljist viðunandi kjör fyrir tiltekna fjölskyldugerð“ (Iðnaðar- & viðskiptaráðuneytið, 2006, bls. 46). Mikilvægt sé að koma í veg fyrir að heildarupphæð útgjalda skv. neysluviðmiði verði túlkuð sem forskrift um opinberar ráðstöfunartekjur. Vísað er til fordæmis Svíþjóðar sem heildarupphæð neysluviðmiða er ekki haldið á lofti heldur vísað til viðmiðunartalna í hverjum neysluflokki. Það kann mögulega að hafa vakað fyrir starfshópnum þegar ákveðið var að horfa til miðgildis hvers útgjaldaflokks. Því verða gerð frekari skil að neðan.

Starfshópurinn lagði einnig til að sérfróður og hlutlaus aðili sjái um að vinna neysluviðmiðin í samstarfi við Hagstofu Íslands og taldi eðlilegt að forræði, framsetning og útgáfa væri á forræði Neytendastofu, sem þá var nýstofnuð (Iðnaðar- & viðskiptaráðuneytið, 2006, bls. 48).

## 5.2 Núverandi útfærsla neysluviðmiða

Í júní 2010 var Rannsóknarpjónustu Háskólangs í Reykjavík, í samstarfi við Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands, falið að þróa neysluviðmið fyrir helstu heimilisgerðir á grundvelli niðurstaðna áðurnefnds starfshóps (Jón, Guðný & Andrés, 2011, bls. 11), hér eftir nefndur verkefnahópur. Afrakstur þeirrar vinnu var kynntur ári síðar. Þar voru settar fram þrjár tegundir neysluviðmiða:

*„Í fyrsta lagi er um að ræða dæmigerð viðmið sem er ætlað að vera upplýsandi og leiðbeinandi um hver útgjöld fjölskyldna*

eru miðað við hóflega neyslu þar sem þau eru byggð á miðgildi útgjalfa. Í flestum tilvikum er viðmiðið byggt á niðurstöðum útgjaldarannsóknar Hagstofu Íslands en í ákveðnum útgjaldaflokum reyndist nauðsynlegt að nota aðrar aðferðir, sérstaklega þar sem um strjál útgjöld var að ræða, til dæmis vegna bifreiðakaupa og húsnæðiskostnaðar. Þá eru í öðru lagi reiknuð út skammtímaviðmið sem byggja á sömu forsendum og hin dæmigerðu viðmið en gert er ráð fyrir að fólk geti bæði dregið úr neyslu og frestað ákveðnum útgjaldaliðum til skemmmri tíma eða allt að níu mánuði. Ákvarðanir um hvaða útgjöldum væri hægt að fresta voru teknar í samvinnu við sérfræðingahópinn. Í þriðja lagi er um svokölluð grunnviðmið að ræða. Þar er um að ræða viðmið sem er ætlað að gefa vísbendingar um hver lágmarksútgjöld geti verið í ákveðnum útgjaldaflokum. Stýrihópur verkefnisins lagði sérstakt mat á hvað teldust lágmarksútgjöld í hverjum útgjaldaflokki, [...]“ (Jón, Guðný & Andrés, 2011, bls. 13-14).

Sem fyrr segir var upphaflega lagt upp með að unnin yrðu tvenns konar viðmið, langtíma og skammtíma, en líta má á dæmigerða viðmiðið sem langtímoviðmið, skv. umfjöllun fyrri starfshóps frá 2006. Grunnviðmiðinu var bætt við vinnu verkefnahópsins undir lok starfstíma hans en tildróg þess eru ekki rakin. Í þeim skyldi lagt mat á lágmarksútgjaldabörf heimila (Jón, Guðný & Andrés, 2011, bls. 35) sem er í andstöðu við upphaflegt markmið neysluviðmiðanna.<sup>1</sup>

Í þessari fyrstu útgáfu voru neysluviðmiðin sett fram sem heildarupphæðir. Dæmigert viðmið fyrir hjón sem búa á höfuðborgarsvæðinu með tvö börn í eigin húsnæði var 617.610 kr. Skammtímaviðmið fyrir sömu fjölskyldueiningu var 447.544 kr. en grunnviðmið 286.365 kr. (Jón, Guðný & Andrés, 2011, bls. 6). Þessi framsetning gefur tóninn fyrir þá notkun neysluviðmiða sem við þekkjum í dag en er jafnframt í andstöðu við niðurstöður fyrri starfshóps. Þar var miðað við að miðgildi útgjalda hvers útgjaldaflokks væri sett fram sérstaklega en ekki lagt saman í eina tölu og val á aðferðafræði miðaðist við þá framsetningu.

---

<sup>1</sup> Grunnviðmiðið undanskilur til að mynda vörur og þjónustu sem teljast ekki til nauðsynja eða eru keyptar með nokkurra ára millibili. Sú leið er sótt í erlenda fyrirmund. Skýrsluhöfundar nefna að skilgreina megi grunnviðmið við lægra hlutfallsmark en dæmigerðu viðmiðin. T.d. 40% í stað 50% (miðgildi). Það er sama aðferð og nýtt er við skilgreiningu afstæðra lágtækju- eða fátæktarmarka (Jón, Guðný og Andrés, 2011, bls. 37).

## 5.3 Aðferð við útreikning neysluviðmiða

### 5.3.1 Flokkun útgjalta

Á bak við neysluviðmiðin voru upphaflega 5 grunnflokkar: Neysluvörur, þjónusta, tómstundir, samgöngur og húsnæðiskostnaður en síðar var ákveðið að fella húsnæðiskostnað út úr viðmiðunum vegna breytileika hans milli heimila.

Undirflokkar neysluviðmiðanna voru upprunalega 15 en eru nú 12 talsins.<sup>2</sup> Þessir flokkar byggja á sömu flokkun neysluútgjalta og Hagstofa Íslands notar við útreikning á vísitölu neysluverðs en byggir oft á þrengri flokkun útgjalta (2. til 3. þrep) en lagt var upp með í niðurstöðum starfshópsins frá 2006 (Iðnaðar- & viðskiptaráðuneytið, 2006, bls. 48)<sup>3</sup> það gefur notendum viðmiðanna nákvæmari mynd af því hvaða útgjöld séu raunverulega undir, en á sama tíma gerir það mjög miklar kröfu um sundurliðun þeirra gagna sem viðmiðin byggja á.

Tökum dæmi. Einn af undirflokkum íslenskra neysluviðmiða er *Matur, drykkjarvörur og aðrar dagvörur til heimilishalds*, sem fellur undir grunnflokkinn neysluvörur. Hann samanstendur af fjórum þáttum: Matur (011), drykkjarvörur (012), óvaranlegar heimilisvörur (0561) og hreinlætis- og snyrtivörur (1212) (Jón, Guðný & Andrés, 2011, bls. 104). Í neysluviðmiðsflokknum eru því útgjöld úr þremur stöðluðum útgjaldaflokkum (COICOP): 01 Matur og drykkjarvörur, 05 Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl. og 12 Ýmsar vörur og þjónusta (Hagstofa Íslands, á.á.).<sup>4</sup> 011 er þá annað þrep flokksins 01. Til að unnt sé að setja fram útgjöld í umræddum undirflokkum íslensku neysluviðmiðanna þurfa því að liggja fyrir gögn hjá Hagstofu Íslands niður á þriðja þrep í COICOP flokknum Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl. og Ýmsar vörur og þjónusta. Þegar þessi sundurliðun liggur ekki fyrir er ekki mögulegt að færa sig upp á efta þrep, yfir í minni sundurliðun að nýju. Í neysluviðmiðaflokknum *Heimilisbúnaður* koma COICOP flokkar 051, 052 og 0,54 t.d. fyrir. Það væri því tvítalning ef COICOP flokkurinn 05 kæmi fyrir í *Heimilisbúnaður* og *Matur, drykkjarvörur og aðrar dagvörur til heimilishalds*. Engin forskrift liggur fyrir hvaða leiða skuli leitað ef þessum skilyrðum aðferðafræði neysluviðmiðanna er ekki fullnægt. Ef útgjaldaflokkar neysluviðmiðanna fylgdu COICOP kerfinu, í stað þess að byggja á þeim, mætti koma í veg fyrir þetta vandamál.<sup>5</sup>

Eins og áður hefur verið vikið að liggur rannsókn á útgjöldum heimilanna (RÚH) í neysluviðmiðunum til grundvallar útreikningi neysluviðmiða. Við síðustu uppfærslu viðmiðanna, árið 2019, reyndist ekki unnt að byggja á niðurstöðum

<sup>2</sup> Yfirlit yfir flokkana má finna á bls. 45 í skýrslu Jóns, Guðnýjar og Andrésar (2011).

<sup>3</sup> Frekari umfjöllun um COICOP kerfið má finna á vefsíðu Hagstofu Íslands: <https://hagstofa.is/adferdir-og-flokkun/visitolur/coicop-flokkunarkerfi-fyrir-einkaneyslu-vorur-og-thjonustu/>

<sup>4</sup> Nánari upplýsingar um flokkun útgjalta skv. COICOP má finna á vefsíðu Hagstofu Íslands. Sjá [https://hagstofa.is/media/50391/coicop\\_yfirlit.pdf](https://hagstofa.is/media/50391/coicop_yfirlit.pdf) og [https://hagstofa.is/media/50392/coicop\\_lysing.pdf](https://hagstofa.is/media/50392/coicop_lysing.pdf).

<sup>5</sup> Sjá töflu V1 í kaflanum *Vísir að neysluviðmiði fyrir Ísland* (Iðnaðar- & viðskiptaráðuneytið, 2006, bls. 54).

RÚH og því voru viðmið fyrra árs uppfærð með undirvísítolum vísitölu neysluverðs. Starfshópurinn óskaði eftir mati Hagstofu Íslands á því hvort gögn úr RÚH verði fullnægjandi í náinni framtíð fyrir útreikninga neysluviðmiða með þeirri aðferðafræði sem hingað til hefur verið beitt; þá sérstaklega með hliðsjón af sundurliðun COICOP flokka og flokkun eftir ólíkum heimilisgerðum sem neysluviðmiðin reiða sig á. Einnig var spurt hvort Hagstofan teldi unnt að vinna neysluviðmið upp úr útgjaldarannsókninni ef neysluflokkar uppfærðra viðmiða væru samkvæmt tveggja tölustafa COICOP staðli, í stað þriggja eins og nú er.

Svör Hagstofunnar voru á þá leið að hlutverk RÚH og neysluviðmiðanna væri ólík. RÚH gegnir því hlutverki að kortleggja almenna neyslu og neysludreifingu sem notað er sem grundvöllur að útreikningi á vísitölu neysluverðs. Markmið hennar er því að ná utan um almenna dreifingu útgjalda en ekki dreifingu mismunandi fjölskyldu- og heimilisgerða eins og í tilfelli neysluviðmiðanna. Til að RÚH geti gefið nauðsynlegar upplýsingar um neysluminstur afmarkaðra hópa þyrfti að breyta uppbyggingu rannsóknarinnar í grundvallaratriðum. RÚH er því ekki fullnægjandi tölfraðiheimild fyrir útreikning neysluviðmiða; hvorki í núverandi mynd, né ef útgjaldaflokkar viðmiðanna yrðu færðir í tveggja tölustafa COICOP flokkun. Svar Hagstofunnar má finna í heild sinni í Viðauka I.

### **5.3.2 Meðferð gagna**

Eins og áður segir eru gögnin fyrir neysluviðmiðin fengin úr rannsókn Hagstofu Íslands á útgjöldum heimila. Þar er skilgreindur úrtaksrammi; fjölskyldunúmer íslenskra og erlendra ríkisborgara 18-74 ára sem hafa lögheimili hér á landi og eru skráðir í þjóðskrá. Rúmlega 1.200 heimili eru valin af handahófi til þátttöku í úrtaki rannsóknarinnar á ári hverju. Búseta og aldursdreifing fólks í úrtakinu eru að því loknu borin saman við þjóðskrá til að kanna hversu vel úrtakið endurspeglar þýðið (heimilin í landinu) (Hagstofa Íslands, 2018, bls. 11). Við útreikning neysluviðmiðanna eru heimili sem eru með heildarútgjöld, innan árs, í lægsta og hæsta útgjaldafjórðungi (e. quartile) fjarlægð úr úrtakinu, til að koma í veg fyrir óvenjulegar mælingar (Jón, Guðný & Andrés, 2011, bls. 39; Iðnaðar- & viðskiptaráðuneytið, 2006, bls. 56). Þegar athuganir eru fjarlægðar úr úrtakinu eftir á, með hliðsjón af útgjöldum er skorið á tengingu milli úrtaks og þýðis. Það liggur því ekki fyrir hvort að þau heimili sem eftir eru í úrtakinu séu dæmigerð fyrir íslensk heimili almennt og því ekki hægt að yfirfæra niðurstöður neysluviðmiðanna yfir á heimilin í landinu af sömu vissu og í *Rannsókn á útgjöldum heimilanna*.<sup>6</sup> Auk þess hefur þessi aðgerð afdrifaríkar afleiðingar á dreifingu útgjalda innan útgjaldaflokkka, þar sem niðurskurðurinn byggir á heildarútgjöldum en ekki einstökum útgjaldaflokkum.

---

<sup>6</sup> Sjá Hagstofa Íslands (2018).

### 5.3.3 Tölfræðileg úrvinnsla – mat á miðgildi

Miðgildi í hverjum útgjaldaflokki er metið með tölfræðilegu líkani að teknu tilliti til fjölda fullorðinna og barna á heimili, en auk þess er litið til búsetu ef þau áhrif eru tölfræðilega marktæk. Búseta er flokkuð eftir því hvort heimilið sé á höfuðborgarsvæðinu, öðru þéttbýli eða dreifbýli. Barnafjölskyldur búa við visst hagræði þar sem viðbótarútgjöld vegna barna fara minnkandi eftir því sem börnunum fylgjar. Því eru einnig gerð skil í metna líkaninu, en þá aðeins ef þau áhrif eru tölfræðilega marktæk.<sup>7</sup> Þannig er ályktæd að ef áðurnefndir þættir eru ekki tölfræðilega marktækir hafi þeir ekki verkan á heildarlíkanið. Við því verður að gjalda varhug.<sup>8</sup> Það má einnig gera athugasemdir við aðrar tölfræðilegar forsendur matslíkansins. Þegar miðgildi útgjalda er metið í hverjum útgjaldaflokki fyrir sig er litið fram hjá því að útgjöld í mismunandi útgjaldaflokum eru innbyrðis háð og takmarkast einnig af ráðstöfunartekjum hverju sinni. Með því er átt við að neysla í einum útgjaldaflokki hefur áhrif á neyslu í öðrum og að heildarútgjöld geti ekki farið fram úr ráðstöfunartekjum. Þeir þættir, eða breytur, sem skýra útgjöld eru því ekki einungis fjöldi fullorðinna, barna og búseta. Þegar nauðsynlegar skýribreytur vantar eru grunnforsendur aðhvarfsgreiningar brostnar og matið ósamkvæmt (e. *inconsistent*) (Maddala & Lahiri, 2009, bls. 355).<sup>9</sup> Mat á miðgildi útgjalda í hverjum útgjaldaflokki verður þar af leiðandi bjagað og ónákvæmt eftir því. Framsetning og úrvinnsla viðmiðanna fer því ekki saman. Það er eitt að setja fram miðgildi hvers útgjaldaflokks sér í lagi, en annað að leggja miðgildi fleiri flokka saman og setja fram sem heildarupphæð. Slík framsetning kallar á aðra nálgun, sem hingað til hefur ekki verið utfærð sérstaklega með íslensk neysluviðmið í huga.

<sup>7</sup> Sjá Jón, Guðný og Andrés (2011, bls. 41) fyrir útfærslu og frekari umfjöllun.

<sup>8</sup> Í nýlegri grein í Nature er farið rækilega yfir rangar ályktanir sem verða ef einblínt er á svo kölluð p-gildi úr tilgátuprófum. Sjá Amrhein, Greenland og McShane (2019).

<sup>9</sup> Metillinn (e. estimator), eða matið, stefnir því, í líkindum, ekki í átt að hinu sanna gildi stika tölfræðilíkansins.

## 6. Núverandi notkun

Neysluviðmið eru fyrst og fremst notuð við gerð greiðslumats hjá lánveitendum og við mat á greiðslugetu hjá umboðsmanni skuldara. Almennt virðist gengið út frá tilvist opinberra neysluviðmiða í lögum og reglugerðum en hvergi kemur fram hvernig standa eigi að útgáfu og útreikningum þeirra.<sup>10</sup> Í lögum er ýmist vísað til framfærslu eða neysluviðmiða en á grundvelli þeirra laga hafa verið settar reglugerðir sem vísa beint til grunnviðmiða íslensku neysluviðmiðanna (Reglugerð um fasteignalán til neytenda, nr. 270/2017, 7. gr.; Reglugerð um lánshæfis- og greiðslumat, nr. 920/2013 með síðari breytingum, 8. gr.). Þar sem jafnframt er gert ráð fyrir að horft sé til einnar upphæðar í stað miðgilda útgjalta í ólíkum flokkum.

Í svörum viðskiptabanka við fyrirspurn um notkun á neysluviðmiðum félagsmálaráðuneytisins kemur fram að viðmiðin séu fyrst og fremst notuð við greiðslumat en í einhverjum tilfellum einnig við gerð greiðsluerfiðleikamats. Bankarnir horfa ýmist til grunn- eða dæmigerðra viðmiða.<sup>11</sup> Aukaálag er lagt á viðmiðin eftir atvikum. Lífeyrissjóðir notast flestir við þjónustu Creditinfo Lánstrausts ehf. við gerð greiðslumats í tengslum við sjóðsfélagalán og er notkun þeirra á neysluviðmiðunum því nokkuð einsleit. Samkvæmt Creditinfo miðar fyrirtækið við grunnviðmið neysluviðmiða auk rekstrarkostnaðar íbúðarhúsnæðis og bifreiða; ef við á. Húsnæðiskostnaður er reiknaður sérstaklega. Einstök svör við fyrirspurn starfshópsins má finna í Viðauka II.

Neysluviðmið velferðarráðuneytisins liggja framfærsluviðmiði umboðsmanns skuldara (UMS) til grundvallar. Lengst af var horft til skammtímaviðmiðs neysluviðmiða en síðan í desember 2019 hefur verið miðað við dæmigert viðmið, en þó með undantekningum. Embættið miðar að jafnaði við 75% af viðmiði fyrir tómstundir og afþreyingu en notast við eigin viðmið og raunkostnað fyrir: ökutæki og almenningssamgöngur, húsnæði, skóla- og dagvistunarkostnað barna og tryggingar (annarra en bílatrygginga). (Umboðsmaður skuldara, 2019). Framfærsluviðmið UMS eru notuð til þess að finna út hver greiðslugeta viðkomandi umsækjanda er. Það er gert með því að stilla upp greiðslumati þar sem annars vegar tekjur umsækjanda eru skoðaðar og hins vegar framfærsla. Mismunurinn á þessum tölu er svokölluð greiðslugeta.

<sup>10</sup> Sjá lög um greiðsluaðlögun einstaklinga (nr. 101/2010), lög um umboðsmann skuldara (nr. 100/2010), lög um ábyrgðarmenn (nr. 32/2009), lög um neytendalán (nr. 33/2013), lög um fasteignalán til neytenda (nr. 118/2016), reglugerð um breytingu á reglugerð um lánshæfis- og greiðslumat (nr. 920/2013 (nr. 274/2017), reglugerð um fasteignalán til neytenda (nr. 270/2017) og reglugerð um lánshæfis- og greiðslumat (nr. 920/2013).

<sup>11</sup> Áætlun um rekstrarkostnað bifreiða og húsnæðis er haldið fyrir utan þá samtölu.

Þegar greiðslugeta umsækjenda liggur fyrir sbr. ofangreint getur embættið fyrst metið hvort og hvaða úrræði hjá embættinu gætu hentað umsækjanda.

Greiðslugetan hefur jafnframt áhrif á hvaða synjunarúrræði koma mögulega til skoðunar við mat á því hvort umsækjandi uppfyllir skilyrði úrræða embættisins auk þess sem greiðslugetan segir til um hvaða fjárhæð umsækjandi getur greitt mánaðarlega til kröfuhafa sinna.

Í lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga nr. 101/2010 (lge.) kemur fram í 4. og 5. gr. að embættinu beri að kanna framfærslu umsækjanda til þess geta lagt mat á umsókn viðkomandi. Auk þess segir í 16. gr. lge. að umsjónarmaður skuli nota framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara til þess að reikna út greiðslugetu skuldara.

## 7. Niðurstöður starfshópsins

Helstu notendur neysluviðmiða félagsmálaráðuneytisins líta allir til heildarupphæðar nokkurra útgjaldaflokka í stað þess að líta á þá hvern fyrir sig sem fer gegn því sem upphafleg var lagt upp með við gerð viðmiðanna. Aðferðafræðin sem notuð er við útreikninga neysluviðmiða hér á landi var valin með aðra framsetningu í huga. Skýrt kemur fram í skýrslum fyrri verkefnahópa að reikniaðferðin byggði á að finna viðmið fyrir einstaka neysluflokka en ekki væri raunhæft að leggja flokkana saman til að endurspeglar heildarútgjöld. Sú hefur engu að síður verið raunin og eru viðmiðin nær eingöngu nýtt með þeim hætti í dag. Grundvöllur útreikninganna, ramsókn á útgjöldum heimilanna, býður ekki upp á þá sundurliðun útgjalda sem núverandi aðferðafræði byggir á. Í svari Hagstofu Íslands segir að ekki sé útlit fyrir að breyting verði þar á. Starfshópurinn telur því ljóst að sú aðferð sem beitt hefur verið við útreikning á neysluviðmiðum eigi ekki við og taka þurfi ákvörðun um nýja nálgun á aðferðafræði og útgáfu neysluviðmiða. Þau ítarlegu viðmið, sem lagt var upp með, er ekki mögulegt að byggja á núverandi útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands. Starfshópurinn telur því að endurskoða beri íslensk neysluviðmið í heild. Taka þarf ákvörðun um hvaða nálgun verður notuð og hvaða reikniaðferð valin með hliðsjón af endanlegri notkun viðmiðanna og fyrilliggjandi gögnum. Í þeirri endurskoðun mætti meðal annars horfa til eftirfarandi útfærslna:

- Sérfræðingaleið, þar sem hópur sérfræðinga myndi ákvarða ítarlega vörükörfu sem með rökstuðningi gæti verið þverskurður af útgjöldum heimila.
- Útgjaldaleið, sem byggði á gögnum sem safnað væri með hliðsjón af tölfraðivinnslu viðmiðanna; bæði hvað varðar sundurliðun útgjalda og ólíkra fjölskyldueininga. Verði sú leið fyrir valinu kallar það á breytingar á útgjaldarannsókn Hagstofunnar í núverandi mynd.
- Útgáfu viðmiðanna sem slíkra yrði hætt en greiðslu- og framfærslumat miðuðust við heildarútgjöld eins og þau hafa verið sett fram í útgjaldarannsókn (RÚH), en þó þyrfti að tryggja að viðeigandi niðurbrot á niðurstöðum RÚH væri mögulegt.

Tryggja þarf festu við útgáfu viðmiðanna og að vinnsla og uppfærsla þeirra séu unnin af sérfróðum og hlutlausum aðila. Hlutleysi yrði til að mynda fest betur í sessi ef útgáfudagur viðmiðanna væri formfestur með einhverjum hætti. Gangi það eftir má liggja á milli hluta hver endanlegur útgáfuaðili neysluviðmiða er og því engin sérstök ástæða til að færa útgáfuna frá ráðuneytinu.

## 8. Heimildaskrá

- ❖ Amrhein, V., Greenland, S., & McShane, B. (2019). Scientists rise up against statistical significance. *Nature* **567**, 305-307. doi: 10.1038/d41586-019-00857-9.
- ❖ Forsetaúrskurður um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands nr. 119/2018.
- ❖ Hagstofa Íslands. (2018). *Rannsókn á útgjöldum heimilanna 2013–2016* (ISSN: 1670-4770). Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/nanar-um-utgafu?id=59390>
- ❖ Hagstofa Íslands. (á.á.). *Flokkun útgjalda samkvæmt COICOP*. Sótt af [https://hagstofa.is/media/50391/coicop\\_yfirlit.pdf](https://hagstofa.is/media/50391/coicop_yfirlit.pdf)
- ❖ Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið. (2006). *Kostir og gallar útgáfu neysluviðmiðs fyrir Ísland*. Sótt af [http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Rafraen\\_afgreidsla/Neyslvidmid.pdf](http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Rafraen_afgreidsla/Neyslvidmid.pdf)
- ❖ Jón Þór Sturluson, Guðný Björk Eydal og Andrés Júlíus Ólafsson. (2011). *Íslensk neysluviðmið*. Reykjavík: Velferðarráðuneytið. Sótt af [https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/ritogskyrslur2011/Neysluidmid\\_lokautgafa\\_vey.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/ritogskyrslur2011/Neysluidmid_lokautgafa_vey.pdf)
- ❖ *Lög um greiðsluaðlögun einstaklinga* nr. 101/2010.
- ❖ *Lög um umboðsmann skuldara* nr. 100/2010
- ❖ *Lög um ábyrgðarmenn* nr. 32/2009)
- ❖ *Lög um fasteignalán til neytenda* nr. 118/2016.
- ❖ *Lög um neytendalán* nr. 33/2013.
- ❖ Maddala, G. S. & Lahiri, Kajal (2009). *Introduction to Econometric* (4. útg.). West Sussex: Wiley. [ISBN 978-0-470-01512-4](#).
- ❖ *Reglugerð um breytingu á reglugerð um lánshæfis- og greiðslumat*, nr. 920/2013 nr. 274/2017.
- ❖ *Reglugerð um fasteignalán til neytenda* nr. 270/2017.
- ❖ *Reglugerð um lánshæfis- og greiðslumat* nr. 920/2013.
- ❖ Umboðsmaður skuldara. (2019). *Ný framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara*. Sótt af <https://www.ums.is/is/moya/news/ny-framfaersluidmid-umbodsmanns-skuldara-2>
- ❖ Viðskiptaráðuneytið. (2006). *Kostir og gallar útgáfu neysluviðmiðs, nefndarálit*.

## 9. Viðauki I – Svar Hagstofu Íslands



Reykjavík, 16. júní 2020  
Tilv.: FRN19110157/06.04

Félagsmálaráðuneytið  
Gissur Pétursson  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

### Efni: Endurskoðun á aðferðafræði við útreikning neysluviðmiða

Vísað er til bréfs félagsmálaráðuneytisins dagsett 7. maí 2020 varðandi vinnu starfshóps ráðuneytisins um endurskoðun á aðferðafræði við útreikning neysluviðmiða.

Ráðuneytið spyr hvort Hagstofan telji að gögn útgjaldarannsóknarinnar verði fullnægjandi í náinni framtíð fyrir útreikninga neysluviðmiða með þeiri aðferðafræði sem hingað til hefur verið beitt. Sérstaklega með hliðsjón af sundurliður COICOP flokka ólíkra heimilisgerða sem neysluviðmiðin reiða sig á.

Enn fremur spyr ráðuneytið hvort Hagstofan telji unnt að vinna neysluviðmið upp út útgjaldarannsókninni ef neysluflokkar uppfærðra viðmiða væru samkvæmt tveggja tölustafa CIOCOP staðli.

Varðandi rannsókn á útgjöldum heimilanna (RÚH), sem ráðuneytið visar til, er mikilvægt að hafa í huga að rannsóknin gegnir því hlutverki að kortleggja almenna neyslu og neysludreifingu á Íslandi m.t.t. þess hvernig heimilin haga útgjöldum sínum. Niðurstöður rannsóknarinnar eru notaðar til að mynda neyslugrunn fyrir vísitölu neysluverðs. Þar skiptir mestu að ná fram almennri dreifingu útgjalda en ekki útgaldadreifingu mismunandi fjölskyldu- eða heimilisgerða.

Þrátt fyrir þetta hafa bakgrunnsbreytur rannsóknarinnar legið fyrir og út frá þeim er hægt að flokka útgjöld heimila eftir því hvort þar búa einstaklingar eða fjölskyldur með eða án barna.

Styrkur RÚH liggur í því þegar niðurstöður rannsóknarinnar eru teknar saman í heild fyrir nægilega stórt úrtak heimila í landinu þá þynnist út óvissa sem fæst úr einstaka svörum. Rannsóknin mælir af nokkuð góðri nákvæmni útgjöld til daglegrar og tíðrar neyslu. Eftir því neysla á tilteknum vörum eða þjónustuliðum er sjaldgæfari því herra verður staðalfrávikið og óvissan á mælingunni eykst.

Ráðuneytið vísar í bréfi sínu til álitamála varðandi gæði gagnanna sem afhent hafa verið úr rannsókn á útgjöldum heimilanna (RÚH) til að nota þau við útreikning neysluviðmiða.

Hagstofa Íslands hefur ekki komið að útfærslu á því hvernig gögn RÚH eru notuð við útreikning neysluviðmiða. Mikilvægt er að hafa í huga að rannsókninni er fyrst og fremst ætlað að meta heildarstærðir varðandi útgjöld heimillana en ekki neyslumynstur afmarkaðara hópa. Til þess að svo yrði væri nauðsynlegt að breyta í grundvallaratriðum uppbryggingu rannsóknarinnar og auka umfang hennar til muna. Slíkt myndi að sjálfsögðu hafa í för með sér umtalsverðan kostnaðarauka frá því sem nú er. Það er því skoðun Hagstofunnar að rannsókn á

útgjöldum heimilanna sé ekki fullnægjandi tölfraðileg heimild fyrir útreikning neysluviðminanna eins og þau hafa verið sett upp af ráðuneytinu. Þar sem engin áform er uppi varðandi breytingar á núverandi fyrirkomulagi rannsóknarinnar er ekki að vænta breytinga á þessari stöðu.

Varðandi seinni spurninguna þá má segja að tveggja tölustafa COICOP flokkun sé tölfraðilega sterkara viðmið en þegar ítarlegri flokkun notuð. Það breytir þó ekki í grundvallaratriðum þeirri staðreynd að RÚH er ekki ætlað að endurspeglar neyslumynstur afmarkaðra hópa hvernig sem sú neysla er flokkuð.

Virðingarfyllst  
  
Ólafur Hjálmarsson  
hagstofustjóri

# 10. Viðauki II - Svör lánastofnanna



Félagsmálaráðuneytið,  
b.t. Svanhvítar Jakobsdóttur/  
Rebekku Valsdóttur  
Skógarhlíð 6,  
105 Reykjavík

Reykjavík 9. júní 2020

**Efni: Svar við fyrirspurn um notkun Arion banka hf. á neysluviðmiðum félagsmálaráðuneytis.**

Visað er til erindis Fjármálaráðuneytisins dags, 7. maí s.l. þar sem óskad er eftir upplýsingum um með hvaða hætti Arion banki notar neysluviðmið, auk áætlana um rekstrarkostnað bifreiða og húsnaðis, við gerð greiðslumats og hvort framangreind viðmið séu notuð í einhverjum öðrum tilgangi en við gerð þeirra hjá bankanum.

Við gerð greiðslumats hjá Arion banka er notast við grunnniðmið Félagsmálaráðuneytisins sem visað er til í skýrslu sérfræðingahóps um neysluviðmið fyrir heimili á Íslandi í febrúar 2011 og eru uppfærð á hverju ár. Arion banki reiknar síðan álag sem leggst við framfærsluviðmið og er breytilegt eftir fjárhæð útborgaðra launa, sbr. eftirfarandi:

Einstaklingur:

- Ekkert álag reiknast á framfærsluviðmið þegar útborguð laun eru kr. 250.000,- eða lægri.
- 20% aukaálag leggst við framfærsluviðmið þegar laun eru umfram kr. 250.000,- og upp að kr. 350.000,-.
- 40% aukaálag reiknast á framfærsluvið þegar laun eru umfram kr. 350.000,- og upp að kr. 450.000,-.
- Af tekjum umfram kr. 450.000,- reiknast ekkert aukaálag.

Hjón:

- Ekkert álag reiknast á framfærsluviðmið hjóna þegar útborguð laun eru kr. 500.000,- eða lægri.
- 20% aukaálag leggst við framfærsluviðmið þegar laun eru umfram kr. 500.000,- og upp að kr. 700.000,-.
- 40% aukaálag leggst við framfærsluviðmið þegar laun eru umfram kr. 700.000,- og upp að kr. 900.000,-.
- Af tekjum umfram kr. 900.000,- reiknast ekkert aukaálag.

Áætlun um rekstrarkostnað bifreiða og húsnaðis fer eftir fyrirmælum 8. gr. reglugerðar nr. 920/2013, sbr. 2. gr. breytingarreglugerðar nr. 274/2017. Áætlaður rekstrarkostnaður bifreiðar á ársgrundvelli miðast við kr. 420.000,- og áætlaður rekstrarkostnaður fasteigna á ársgrundvelli 1,5% af fasteignamati.

Framangreind viðmið eru ekki notuð í neinum öðrum tilgangi hjá Arion banka en við gerð greiðslumats.

Tekið skal fram að framangreind notkun á viðmiðunum eru í heildarendurskoðun hjá Arion banka og munu að öllum líkendum taka breytingum á næstu vikum.

Virðingarfyllst,  
f.h. Arion banka hf.

Ásgefur P. Hannesdóttir

Sólveig Ómarsdóttir

Félagsmálaráðuneytið  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ	
Merk.	06.04
03. JÓUNI 2020	
Ákvæði	600+...
Mál-númer	19110157



Reykjavík, 26. maí 2020

**Efni: Notkun á neysluviðmiðum félagsmálaráðuneytisins**

Visað er til bréfs félagsmálaráðuneytisins til Landsbankans, dags. 7. maí sl., (Tilv. FRN19110157/06.04) þar sem óskað er eftir upplýsingum um notkun Landsbankans á neysluviðmiðum ráðuneytisins. Í bréfinu er tveimur spurningum beint til bankans og fara svör við þeim hér á eftir:

**1. Með hvaða hætti eru viðmiðin notuð við greiðslumat hjá Landsbankanum? Vinsamlegast gefið ítarlega lýsingu.**

Landsbankinn notar neysluviðmiðin sem viðmiðið við gerð almennra greiðslumata fyrir einstaklinga og pör/hjón. Bankinn yfirfer og uppfærir viðmiðin samhliða uppfærslu hjá ráðuneytinu.

Við gerð á almennum greiðslumötum hjá Landsbankanum er notast við dæmigerð framfærsluviðmiðum að viðbættum kostnaði vegna barna, s.s. vegna dagvistunar/leikskóla, fristunda og skólamótuneytis. Stuðst er við fjölskyldueiningu búsetta á höfuðborgarsvæðinu. Með fjölskyldueiningu er átt við einstakling eða hjón að viðbættum barni/börnum, ef við á.

Landsbankinn notar framfærsluviðmið án útgjalda vegna samgangna og húsnæðiskostnaðar. Þeir útgjaldaliðir taka mið af heilmildum eins og þær koma fram í reglugerð um lánhæfis- og greiðslumat samkvæmt lögum um neytendalán 33/2013. Núverandi viðmið eru:

- Rekstrarkostnaður bifreiðar: 39.662 kr.
- Samgöngukostnaður: 30.108 kr.
- Húsbilars og þung vélhjóls: 0 kr.
- Húsnæðiskostnaður: Reiknast sem 2% af fasteignamati á ársgrundvelli.

**2. Eru viðmiðin notuð í einhverjum öðrum tilgangi en við gerð greiðslumats hjá Landsbankanum?  
Ef svo er við hvað og með hvaða hætti eru þau notuð?**

Landsbankinn styðst jafnframt við neysluviðmiðin þegar gert er lánamat og greiðsluerfiðleikamat fyrir einstaklinga eða par/hjón. Þar er notast við grunnviðmiðin að viðbættu 30% álagi að teknu tilliti til kostnaðar vegna barna, s.s. vegna dagvistunar/leikskóla, fristunda og skólamótuneytis. Stuðst er við fjölskyldueiningu búsetta á höfuðborgarsvæðinu. Með fjölskyldueiningu er átt við einstakling eða hjón að viðbættum barni/börnum, ef við á. Við greiðsluerfiðleikamat eru notuð framfærsluviðmið án útgjalda vegna samgangna og húsnæðiskostnaðar. Viðmiðin fyrir rekstrarkostnað eru þau sömu og fyrir greiðslumatið (sjá hér fyrir ofan).

Landsbankinn  
Austurvætni 21  
105 Reykjavík

[www.landsbankinn.is](http://www.landsbankinn.is)

Sími: 410 4000

Landsbankinn hf., kt: 471008-0280,  
er hlutafélag með stærstleyfi sem viðskiptabanki og  
starfar undir eftirlit: Þjórmálaeftirlitsára.



Félagsmálaráðuneytið  
b/t, Svanhvítar Jakobsdóttur  
eða Rebekku Valsdóttur  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ	
Máðal.	06.04
26. MAI 2020	
Áhrif	69
Málstofa FRN	19110157

Reykjavík 15. maí 2020

**Efni: Notkun á neysluviðmiðum félagsmálaráðuneytis**

Vísað er til erindis félagsmálaráðuneytis, dags. 7. maí 2020, tilvísun FRN19110157/06.04 er varðar vinnu starfshóps um endurskoðun á aðferðafræði við útreikning neysluviðmiða.

Eftirfarandi eru svör Gildis lífeyrissjóðs við erindinu:

**1. Með hvaða hætti eru viðmiðin notuð við greiðslumat hjá Gildi lífeyrissjóði?**

Gildi lífeyrissjóður gerir greiðslumót í gegnum þjónustu Creditinfo Lánstraust ehf.. Við gerð greiðslumata er miðað við lágmarksviðmið, þ.e. grunnviðmið neysluviðmiða auk rekstrarkostnaðar íbúðarhúsnaðis og rekstrarkostnaðar bifreiða ef við á.

**2. Eru viðmiðin notuð í einhverjum öðrum tilgangi en við gerð greiðslumats hjá Gildi lífeyrissjóði?**

Viðmiðin eru ekki notuð í öðrum tilgangi en við greiðslumat.

Virðingarfyllst,  
f.h. Gildis lífeyrissjóðs

*Hulda Helgadóttir*

Hulda Helgadóttir

Félagsmálaráðuneytið  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík



Reykjavík, 5. júní 2020  
Tilv.:FRN19110157/06.04

**Efni: Notkun á neysluviðmiðum félagsmálaráðuneytisins.**

Visað er til bréfs félagsmálaráðuneytisins dags. 7. maí 2020 til Lifeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR). Í bréfinu kemur fram að það er sent í tengslum við vinnu starfshóps um endurskoðun á aðferðarfræði við útreikning neysluviðmiða, sem skipaður var af félagsmálaráðuneytinu.

Í bréfinu kemur fram að samkvæmt reglugerðum nr. 270/2017, 920/2013 og nr. 274/2017 er meginreglan sú að í greiðslumati sé að lágmarki miðað við grunnviðmið neysluviðmiða auk áætlana um rekstrarkostnað bifreiða og húsnæðis eins og við á.

Starfshópurinn óskar því eftir upplýsingum um með hvaða hætti viðmiðin eru notuð við greiðslumat hjá LSR og einnig hvort að viðmiðin séu notuð í einhverjum öðrum tilgangi en við gerð greiðslumats hjá LSR.

Í greiðslumötum sem gerð eru í LSR er stuðst við grunnvið neysluviðmiða við útreikning á útgjöldum lánumsumsækjanda. Greiðslumatskerfi CreditInfo er notað við gerð greiðslumata og sækir greiðslumatskerfið sjálfkrafa viðkomandi tölur vegna grunnviðmiðs eins og þau eru hverju sinni. Svaði búsetu lánumsumsækjanda er valin í greiðslumatinnu, þ.e. hvort lánumsumsækjandi búi á höfuðborgarsvæðinu, öðru þéttbylli eða dreifibylli en búsetusvæði hefur áhrif á útreikning neysluviðmiðanna. Upplýsingar um fjölskyldustærð eru sóttar í þjóðskrá. Upplýsingar um fasteignir eru sóttar til Fasteignaskrár og er rekstrarkostnaður reiknaður miðað við fasteignamat viðkomandi eignar í eigu lánumsumsækjanda, 1,5% af fasteignamat. Ökutæki er sótt til Samgöngustofu og er rekstrarkostnaður reiknaður samkvæmt reglugerð.

Viðmiðin eru ekki notuð í öðrum tilgangi en við gerð greiðslumata í tengslum við sjóðfélagalán þau sem LSR veitir.

Virðingarfyllist,

f.h. Lifeyrissjóðs starfsmanna ríkisins

Elísabet P. Þórey Þórisdóttir  
Elísabet Þórey Þórisdóttir lögm.

Góðan dag,

Hér eru svör við fyrirspurnum, ekki hika við að heyra í okkur ef þið hafið ítarlegri spurningar. Það er líklega best að leita til hvers og eins lánveitanda til að fá upplýsingar um stillingar hvers lánveitanda.

**Með hvaða hætti eru viðmiðin notuð í greiðslumatskerfi Creditinfo?**

Viðmiðin eru notuð til að reikna greiðslubyrði lántaka/lántakenda skv. gildandi reglugerðum um lánveitingar.

Almennt er miðað við framfærsluviðmið án húsnæðis- og bifreiðakostnaðar samkvæmt líkani Félagsmálaráðuneytisins. Bifreiðakostnaði er svo bætt við og er hann að lágmarki í samræmi við reglugerð. Sumir lánveitendur reikna með hæri rekstrarkostnaði bifreiða, en kerfið heimilar að slá inn hæri rekstrarkostnað en reglugerð kveður á um. Húsnæðiskostnað er einnig reiknaður sér og bætt við, þar velur lánveitandinn hvort miða á við gildandi fasteignamat, fasteignamat næsta árs eða brunabótamat.

**Eru viðmiðin notuð í einhverjum öðrum tilgangi hjá Creditinfo?**

Nei, viðmiðin eru ekki notuð í öðrum tilgangi.

Kristín Helga Magnúsdóttir

Forstöðumaður vörus- og verkefnastýringar

[kristinh@creditinfo.is](mailto:kristinh@creditinfo.is)

Mobile : [+354 694 3779](tel:+3546943779)

Skype : kristin.h.magnusdottir



Creditinfo - Höfðabakka 9 - 110 Reykjavík - Iceland - Tel: [+354 550 9600](tel:+3545509600) - <http://www.creditinfo.is>

[Fyrirvari vegna tölvupósts / Legal disclaimer](#)

